

# DAVÍÐ STEFÁNSSON

Kynningarbréf vegna kosninga til Kirkjubings 2022

Ágætu kjörmenn,

Ég heiti Davíð Stefánsson og með þessu bréfi vil ég kynna mig og framboð mitt til Kirkjubings næsta kjörtímabil þeim sem eru á kjörskrá í 1. kjördæmi, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.



Málefni Þjóðkirkjunnar hafa lengi brunnið á mér. Frá unga aldri tók ég þátt í kristilegu barnastarfi hjá KFUM á Akureyri undir handleiðslu Björgvins Jörgensonar, Jóns Oddgeirs Guðmundssonar og fleiri góðra manna. Að eignast lifandi frelsara markar hvern einstakling. Ég tel að kristin trú og lífsskoðun sé mikilvægur grunnur fyrir frið og farsæld í samfélagi okkar. Fátt er betur fallið til að koma í veg fyrir heiftúð, öfga og sundrung.

Vörn og sókn kirkjunnar er íslensku samfélagi afar mikilvæg. Það kallar á öfluga og samhenta kristna boðun og um leið trausta fjármálastjórn. Með nýjum þjóðkirkjulögum, sem tóku gildi síðasta ár, fékk kirkjubing almennt æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Það ætti að gefa von um að rekstrarstaða Þjóðkirkjunnar geti komist í meira jafnvægi. Þannig styrkist starf og rödd kirkjunnar. Þar vil ég leggja mitt af mörkum.

Ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1985, stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1995 og hlaut meistaraþráðu í stjórnun- og sýslufræðum frá Harvard háskóla, Bandaríkjum árið 1997.

Ég bý og starfa í Reykjavík. Ég hef rekið eigið ráðgjafafyrirtæki frá árinu 2009 einkum á sviði viðskipta- og verkefnaþróunar með áherslu á endurnýjanlega orku og loftslagsmál. Viðskiptavinir þess eru einkum alþjóðleg ráðgjafafyrirtæki, bankar, fjárfestingasjóðir og orkufyrirtæki í Norður og Suður Ameríku, Afríku, Evrópu og Asíu auk Íslands. Á árunum 2007 til 2009 var ég forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Geysir Green Energy hf. sem stóð að uppbyggingu raforkuframleiðslu úr jarðvarma sem

og þróun hitaveitna víða um heim. Þar áður, 2004 til 2007, var ég hjá KPMG (síðar ráðgjafarfyritækið Capacent) í rekstrarráðgjafarhópi við stefnumótun, stjórnunar- og fjármálaráðgjöf.

Í gegnum tíðina hef ég ritað margt og tekið þátt í þjóðmálaumræðu um margvísleg efni. Á árunum 2019 til 2020 var ég ritstjóri Fréttablaðsins. Á árunum 1987 til 1995 sat ég í Útvarpsráði kjörinn af Alþingi. Frá unga aldri hef ég verið í forystu samtaka og félagshópa af margvíslegum toga, gegnt formennsku í ungliðastarfi stjórnmalaflokks á landsvísu (Sambands ungra sjálfstæðismanna 1989 til 1991) og formennsku í menningar-og menntasamtökum, verið í forystu alþjóðlegra samtaka og tekið virkan þátt í alþjóðasamskiptum.

Frá árinu 2020 hef ég setið í stjórn Norræna þróunarsjóðsins sem er sameiginleg alþjóðleg fjármálastofnun Norðurlanda, er annast lán og styrki til loftslagstengdra þróunarverkefna fátækustu ríkja Afríku, Asíu og Rómönsku-Ameríku. Þar er ég nú stjórnarformaður.

Ég hvet öll ykkar sem hafið kosningarétt til Kirkjubings að nýta rétt ykkar. Með því sýnum við hollustu okkar í garð Þjóðkirkjunnar. — Það veit á gott.

Með góðum kveðjum,  
Davíð Stefánsson